

Minnisatriði fyrir sauðburðinn

Er búið að

• Athuga allar ærnar, hverjar eru geldar, hverjar eru í toppstandi, eru einhverjar sem ekki eru í nógu góðu ásigkomulagi?

• Rifja upp einkenni allra helstu lamba- og sauðfjársjúkdóma og lækningu þeirra (Lömb; lamba-blóðsótt, flosnýrnaveiki, garnapest, jöðskortur, stúskjögur, lambaskita, hungur, ofkæling, ormaveiki, hníslasótt, garnapest, lungnakregða ofl. Ær; doði, súrdoði, fóstureitrun, jógurbólga, smitandi lambalát, ormaveiki ofl.)? Gott er að kíkja í Sauðburðarkver Sigurðar Sigurðarsonar til að rifja upp lamba- og sauðfjársjúkdóma.

• Skipuleggja aðstöðu fyrir lambfé inni þannig að ekki verði of þröngt og góð vinnuástanda, næg birta, þægilegt að komast að fénu, hættulaust fyrir lömbin?

• Hugsu fyrir brynningu. Hentug ílát, hættulaus og sóthreinsanleg?

• Yfirfara grindur og búa til nýjar, hreinar, traustar og hættulausar?

• Skipuleggja útihólf fyrir bornar ær?

• Skipuleggja vorbeitina, hvaða ær eiga að vera í hverju beitahólfi/túni?

• Fara í gegnum lyfjaskápin og kaupa það sem á vantar af lyfjum og búnaði til að hafa við hendina, s.s. burðarslím, öndunardropa, kalk, selen-E, skitulyf, sótt-hreinsiefni og önnur lyf sem nauðsynleg eru í ljósi reynslu undanfarinna ára?

• Koma sér upp skráningarkerfi fyrir sjúkdóma og lyfjanotkun?

• Kaupa, panta eða búa til lambamerki og útvega þægilega fjárbók til skrásetningar þar sem burður er skráður jafnóðum og ærnar bera og gott númerakerfi í lömbin svo ekki fari á milli mála hvaða lamb er undan hverri á?

• Athuga hvort er í lagi með markatöngina, hnífinn, gatatöngina, klaufaklippurnar, sprauturnar, nálarnar og sóthreinsa þessi áhöld?

• Hugsu fyrir burðarhjálp?

Er vandamál

• Að venja lömb undir ærnar?

• Reynið að eiga alltaf nýtt kar í lokaðri krukku. Makið kari á lambið sem á að venja undir. Takið lamb ærinnar frá henni meðan hún karar undirvaninginn. Setjið ána í frekar þrönga stúu og sjáið til þess að undirvaningurinn geti ekki falið sig eða komist í burtu.

• Er þriðja lambið á leiðinni? Takið þriðja lambið um leið og það er fætt áður en móðir þess byrjar að kara það og komið því til fósturmóðurinnar. Takið lamb ærinnar frá henni meðan hún karar undirvaninginn. Setjið ána í frekar þrönga stúu og sjáið til þess að undirvaningurinn geti ekki falið sig eða komist í burtu.

• Takið skinn af dauðu lambi og saumið á lambið sem venja á undir. Athugið að hætta getur verið á smiti hafi lambið drepist úr sjúkdómi.

• Að hjálpa ánum? Fá sér handnetta aðstoðarmann-eskju á sauðburði sem er von að hjálpa ám. Gætið ítrasta hreinlætis. Ekki reyna að hjálpa ám sem ljóst er fyrirfram að þið ráðið ekki við að hjálpa, náðið strax í hjálp í stað þess að gera illt verra.

• Með skitu í stálpuðum lömbum? Hér er líklega um ormasýkingu eða hnýsla að ræða. Ormahreinsa þarf allt féð fyrir sauðburð. Reyna að komast hjá því að setja lambfé á tún sem beitt hafa verið haustið áður. Þröng hólfi heim við hús sem féð er í meira og minna allt árið eru gróðrastíur fyrir orma og hnýsla og besta leiðin til að viðhalda slíkri óværu í fé.

• Með lambasjúkdóma? Hafið samband við dýralækni og rádfærið ykkur við hann.

Þetta eru aðeins nokkur atriði sem gott er að hafa í huga áður en sauðburður hefst en er engan vegin tæmandi upptalning. Rétt er að minna sauðfjárbændur á að viðhafa sem mest hreinlæti við sauðburð því óhreinar hendur, fúlt og óhreint vatn, skítug jógur, skítakleprar í ull og óhreinindi sem berast á blautan naflastreng eru helstu smitvaldar sjúkdóma á sauðburði.

Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir.

Aðalfundi

Landssambands kúabænda lokið

Á aðalfundi LK sem nú er nýlokið var formaður og stjórn endurkjörin. Formaður er áfram Þórólfur Sveinsson en aðrir í stjórn eru Sigurður Loftsson, Steinsholti, Egill Sigurðsson, Berustöðum, Jóhannes Jónsson, Espihóli og Kristín Linda Jónsdóttir, Miðhvammi.

Allar upplýsingar um ályktanir fundarins má finna á heimasíðu Landssambands kúabænda, www.naut.is auk þess sem vænta má yfirlitsgreina í Bændablaðinu fljótlega.

Gleðilegt sumar !



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Apríl 2004 - 26. árgangur. - 6. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Aðalfundur BSSL
Bls. 1

Fundarboð sauðfjárbænda
Bls. 1

Plægingarnámskeið
Bls. 1

Gæðastýring er ekki flókinn
Bls. 2

Sauðfjárbændur
Bls. 2

Hryssublóð
Bls. 3

Útflutningur hrossa
Bls. 3

Minnisatriði fyrir sauðburðinn
Bls. 4

Aðalfundi
Landssambands kúabænda lokið
Bls. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Símonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Aðalfundur BSSL í Félagslundi Gaulverjabæjarhreppi

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands verður haldinn föstudaginn 23. apríl n.k. að Félagslundi, Gaulverjabæjarhreppi og hefst kl. 11.00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundastörf
2. Kosning stjórnarmanns úr Vestur-Skaftafellsýslu og endurskoðenda.

3. Ávarp formanns B.Í. Haraldur Benediktsson.
4. Hugleiðingar um forðagæslumál. Óðinn Örn Jóhannsson.
5. Önnur mál.

Áætluð fundarlok kl. 18.00.

Sveinn Sigurmundsson.

Fundarboð

Aðalfundur Félags sauðfjárbænda í Árnassýslu fyrir árið 2004 verður haldinn að **Pingborg, fimmtudaginn 22. apríl 2004 kl. 20.30.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Fræðsluerindi frá yfirdýralæknisembættinu um riðuveiki og hertar reglur um smitgát í Árnassýslu í ljósi nýlegra riðutilfella.
3. Önnur mál.

Vonumst eftir góðri mætingu,

Stjórnin.

Plægingarnámskeið

Plægingarnámskeið verður haldið 27. og 28. apríl nk. ef næg þátttaka fæst. Reynt verður að stýra staðsetningu námskeiðsins eftir því hvar áhuginn er mestur. Lágmarksfjöldi er 8 manns og mikilvægt að þeir aðilar sem áhuga hafa tilkynni sem fyrst þátttöku til Búnaðarsambandsins í síma 480 1800 milli kl. 08-12 og 13-16 alla virka daga.

Fyrri dagur námskeiðsins byggist á fyrirlestrum þar sem áhersla er lögð á umfjöllun um plægingar en einnig verður

fjallað almennt um jarðrækt, endurvinnslu túna, framræslu, grófvinnslu, sáningu o.fl.

Seinni dag námskeiðsins er verkleg kennsla í plægingum og er æskilegt að þátttakendur vinni þá með eigin plóg og dráttarvél.

Tími námskeiðsins er 18 kennslustundir alls. Leiðbeinendur eru Grétar Einarsson (RALA) og Ríkhart Brynjólfsson (LBH).

Jóhannes Hr. Símonarson.

Gæðastýringin er ekkert flókin!

Eins og sauðfjábændum á að vera kunnugt um er Gæðastýring í sauðfjárrækt HAFIN. Sá misskilningur er í gangi að allar skráningar í sambandi við gæðastýringuna séu mjög mikilar og flókar. Það er alrangt.

• **Eyðublöð 2004:** Eyðublöðin eru 13. Þrjú þeirra (Beit, Jarðrækt og Uppskera) þarf ekki að fylla út fyrir en í vor og sumar, eftir því sem við á. Önnur þrjú (Húsakostur, Aðstæður 1 og Aðstæður 2) eru fyllt út einu sinni og búið. Þau sjö sem eftir eru (Atburðir, Fóðrun 1 og 2, Lyf 1, 2, 3 og 4) eru fyllt út jafnóðum eftir því sem við á og er í flestum tilfellum lítil skráning á hvert þeirra. Ég vil hvetja bændur til að líta á blöðin því þá kemur í ljós að það er ekki svo mikið sem þarf að skrá á hvert blað. Þeir sem hafa ekki enn útvegað sér þau þurfa að gera það hið fyrsta. Eyðublöðin er hægt að sækja á skrifstofur Bssl. á Selfossi, Hvolsvelli og Kirkjubæjarklaustri eða fá þau send með gamla góða póstinum, í tölvupósti og/eða að sækja þau á netið á www.bondi.is. Í gæðastýringarmöppunni eru ágætis dæmi um útfyllingu eyðublaðanna hjá Þolmóði og Rólyndi á Skjögrastöðum, lítið endilega á það.

• **Skýrsluhald í sauðfjárrækt:** Sauðfjábændur sem eru ekki í sauðfjárskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands þurfa að fara að huga að þeim málum ekki seinna en STRAX. Til að Bændasamtökin geti staðfest nýja skýrsluhaldara þarf að **skila vorupplýsingum FYRIR 30. JÚNÍ 2004** til Bændasamtaka Íslands. Það verður of seint að fara að spá í skýrsluhaldið þegar sauðburður er hafinn, útvega fjárbók, panta merki og setja í ærnar o.s.frv. Gerið eitthvað í málunum nú þegar!

Skýrsluhaldarar sem hafa enn ekki skilað fjárbók til BÍ vegna 2003 þurfa að skila vorupplýsingum 2004 til BÍ fyrir 30. júní til að fá staðfestingu Bændasamtakanna um að viðkomandi sé í skýrsluhaldi.

Í fréttabréfi Bssl. 3. tbl. sem kom út í febrúar er grein um gæðastýringu í sauðfjárrækt þar sem farið er betur yfir eyðublöðin og hinar ýmsu dagsetningar vegna gæðastýringarnar. Lítið endilega á það.

Fanney Ólöf Lárusdóttir

Sauðfjábændur!

Eftirlit með gæðastýringu er fjórþætt og þurfa framleiðendur gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu að uppfylla alla eftirlitsþættina árlega til að eiga rétt á álagsgreiðslum og jöfnunargreiðslum.

Eftirlitsþættir í gæðastýringu eru eftirfarandi:

1. Lögbundið búfjárefirlit.
2. Eftirlit Bændasamtaka Íslands með skilum á sauðfjárskýrsluhaldi.
3. Búfjárefirtlitsmenn gæta að skráningum í gæðahandbók í vorskodun.
4. Landgræðsla ríkisins hefur eftirlit með landi.

Lögbundið búfjárefirlit:

Sauðfjábændur þurfa að standast lögbundið búfjárefirlit án athugasemda er varðar fóðrun og aðbúnað til að eiga rétt á álagsgreiðslum.

Sauðfjárskýrsluhald:

Þeir sauðfjábændur sem eru að byrja í sauðfjárskýrsluhaldi þurfa að skila vorbók til Bændasamtaka Íslands **fyrir 30. júní n.k.** Ef misbrestur verður á því koma þeir sauðfjábændur ekki til með að fá greiddar **álagsgreiðslur gæðastýringar né jöfnunargreiðslur n.k. haust.**

Gæðahandbók:

Búfjárefirtlitsmenn annast árlegt eftirlit með skráningum í gæðahandbók. Þeir sauðfjábændur sem ekki voru búnir að skrá í gæðahandbækur er búfjárefirtlitsmaður kom í vorskodun eða gátu ekki sýnt fram á fullnægjandi skráningar þurfa sjálfir að fara með gæðahand-

bækurnar til búfjárefirtlitsmanns eða sauðfjárræktar ráðunauta innan 4 vikna og sýna fram á skráningar. Annars er viðkomandi sauðfjábóndi dottin út úr gæðastýringarkerfinu og kemur ekki til með að fá greiddar **álagsgreiðslur gæðastýringar né jöfnunargreiðslur n.k. haust.**

Landnýting:

Landgræðsla ríkisins leggur mat á land framleiðanda er óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Landgræðslan tilkynnir framleiðanda skriflega hvort hann uppfylli skilyrði um beitarnýtingu. Telji Landgræðslan að framleiðandi uppfylli ekki skilyrði um beitarnýtingu skal hún greina frá ástæðum þess og jafnframt kynna framleiðanda þau úrræði sem hann hefur með því að semja tímasetta landbótaáætlun. Mat Landgræðslu ríkisins á landi sunnlenskra sauðfjábænda er ekki lokið og verður því ekki hamlandi þáttur inn í gæðastýringarkerfið fyrir en matsvinnu verður lokið.

Ljóst er að all margir sauðfjábændur eiga eftir að fá staðfestar skráningar í gæðahandbók og er því ekki seinna vænna en að finna möppuna og byrja að skrá og fá staðfestingu á skráningunum. Einnig eru þó nokkrir sem sóttu um gæðastýringu sem ekki eru í skýrsluhaldi og þurfa þeir að huga að þeim málum því nú stýttist óðum í sauðburð.

Nánari upplýsingar veita undirritaðar í síma 487 4818. Fanney Ólöf Lárusdóttir (fol@bssl.is) og Berglind Guðgeirsdóttir (berglind@bssl.is).

Berglind Guðgeirsdóttir

Hryssublóð

Fyrirtækið Ísteka ehf. hefur í hyggju að auka umfang hryssublóðtöku um 30-40% á næstu árum. Nú þegar eru allmargir sunnlenskir stóðbændur í samstarfi við fyrirtækið auk þess sem hagkvæmast er fyrir söfnunina að hún fari sem mest fram á sömu svæðum. Hér er um að ræða nokkra tekjumöguleika með mjög hóflegri viðbótavinnu. Greiðslurnar eru flokkaskiptar eftir því hvernig til tekst með magn og gæði afurðarinnar en meðal annarra skilyrða sem uppfylla þarf til að komast í hæsta verðflokk er eftirfarandi tilgreint (fyrir árið 2003):

1. Allar blóðgjafahryssur þurfa að vera frostmerktar eða örmerktar (aðrar merkingar gilda ekki).
2. Eingöngu blóðgjafahryssur (og folöld þeirra) mega vera í hverju stóði ásamt graðhesti (ekki tryppi geldingar eða annað).
3. Tökubásar þurfa að vera samþykktir af fulltrúa Ísteka.
4. Framkvæma verður breytingar á aðstöðu ef fulltrúar Ísteka fara fram á það.
5. Flutningsgjald er 16.628,- kr/bæ vegna flutnings blóðbrúsa að og frá miðstöð og breytist skv. viðmiðunarreglum ríkisins um kostnað per ekinn km.
6. Blóðgjafahryssur á bænum þurfa að vera skilgreindar á listum Ísteka í upphafi söfnunar.

Reikna má með að hver hryssa skili á bilinu 10-17.000,- kr með vsk. á ári út úr blóðinu - allt eftir því

hvernig til tekst með fyljun og söfnun í stóðinu. Eftir því sem menn ná betri tókum á málum og grisja sinn hryssu-stofn er venjan sú að flokkun batnar og þar með verð.

Nú stýttist óðum í vorið og því er áhugasömum bent á að snúa sér beint til Harðar Kristjánssonar hjá Ísteka ehf. til að fá frekari upplýsingar. Síminn er 581 4138, netfang: isteka@vortex.is.

Pétur Halldórsson

Ræktun 2004

Laugardaginn 24. apríl halda Hrossaræktarsamtök Suðurlands stórsýninguna Ræktun 2004 í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli.

Fram koma fjöldi ræktunarbúa bæði sunnlenskra og norðlenskra (Brún, Búland, Litla-Tunga, Kjarr)

Afkvæmahópar landsfrægra stóðhesta og hryssna (Kvistur frá Hvolsvelli, Hugi frá Hafsteinsstöðum, Fjóður frá Sperðli, Löpp frá Hvammi, Adam frá Ásmundarsstöðum, Eiður frá Oddhóli)

Auk margra af skærustu stjarna kynbótasýninga síðustu ára.

Útflutningur hrossa

Meðfylgjandi súlurit sýnir fjölda útfluttra hrossa eftir mánuðum árið 2003 og fyrstu þrjú mánuði ársins 2004. Súlnurnar eru tvískiptar en í heild sýna þær allan útflutning frá landinu, neðri hluti hverrar súlu sýnir þann hluta sem hefur upprunanúmer af Suðurlandi (skýrsluhaldssvæðum 80-88) en efri hluti súlanna þau útfluttu hross sem upprunnin eru annars staðar af landinu.

Af þessum upplýsingum má ráða að árið 2004 fór illa af stað en er heldur að rétta úr kútnum eftir því sem nær dregur vori. Til að bæta eða jafna heildar útflutningsfjölda ársins 2003, verður meðalútflutningur árið 2004 að ná a.m.k. 121 hrossi í mánuði.

(Heimild: W-Fengur, 19. apríl 2004).

Pétur Halldórsson

